

Stjórnarfundur umdæmis Inner Wheel á Íslandi, haldinn 11.febrúar kl.14 heima hjá Sigurbjörgu Magnúsdóttur Birkigrund 9b í Kópavogi

Á fundinn voru mættar auk Sigurbjargar umdæmisstjóra: Dúfa Einarsdóttir gjaldkeri, Erla Eggertsdóttir ritari, María Heiðdal fráfarandi umdæmisstjóri og Valdís B Guðjónsdóttir verðandi umdæmisstjóri

Sigurbjörg sagði að Garðabæjarklúbburinn væri rangt skráður á heimasíðunni en rétt er Inner Wheel Görðum. Ég læt laga það.

Sigurbjörg var búin að skrifa öllum klúbbunum og biðja um hverjar yrðu í næstu stjórnnum. Flestir búnir að svara .

Ræddum að við værum ekki með alþjóðatengil og getum því ekki haft fulltrúa á fundum alþjóðastjórnarinnar. Þetta var ákveðið fyrir einhverjum árum síðan og var vegna kostnaðar sem þótti of mikill. Okkur fannst rétt að hafa þetta þannig áfram.

Valdís sem er verðandi umdæmisstjóri getur ekki mætt á umdæmisþingið 16. maí. Okkur kom saman um að það væri betra að hún sendi fulltrúa fyrir sig heldur en að fara að breyta dagsetningunni.

Við ræddum um að það væri fínt að fá súpu og brauð á umdæmisþinginu í maí. Sigurbjörg ætlaði að biðja um það. Við þurfum einnig að finna út með fyrirlesara og hugsa fyrir gjöfum á þinginu

Næsti fundur ákveðinn 5. mars kl. 14 á sama stað.

Fundi slitið kl. 16

Erla Eggertsdóttir ritari